

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 69/2013****2013/EES/61/19****frá 3. maí 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 640/2012 frá 6. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hana að tækniframförum (efnareglurnar (REACH)) <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004):  
„– **32012 R 0519**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 (Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zza (reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008):  
„– **32012 R 0640**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 640/2012 frá 6. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 193, 20.7.2012, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 519/2012 og (ESB) nr. 640/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 193, 20.7.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.